

9. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hefur sett með heimild í 10. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2000.

*Félagsmálaráðuneytinu, 16. júlí 1996.*

**Páll Pétursson.**

---

*Borgerður Benediktsdóttir.*

23. júlí 1996

Nr. 425

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Skúlagötu í Reykjavík, staðgreinireitur 1.1654.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu deiliskipulagi Skúlagötusvæðis frá 19. september 1985.

Breytt er byggingarreit lóðarinnar með tilfærslu húseininga.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. júlí 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

23. júlí 1996

Nr. 426

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Vestmannaeyja frá 2. júlí 1990.

Breytingin er sú að hluti iðnaðarsvæðis í nágrenni flugvallar verður orlofs- og sumar- bústaðasvæði.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja mun bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. júlí 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*